

Til lífeyrissjóðsins

Reykjavík, 16. janúar 2006

Efni: Um varðveislutíma skjala sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða.

Óskað hefur verið eftir því að Landssamtök lífeyrissjóða sendi út leiðbeinandi reglur eða erindi, hversu lengi lífeyrissjóðir eigi að geyma margvísleg gögn sem tengjast starfsemi sjóðanna.

Í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er ekki að finna ákvæði um varðveislu gagna. Í 29. gr. laganna kemur m.a. fram að stjórn lífeyrissjóðs hafi almennt eftirlit með bókhaldi o.fl. og í VIII. kafla laganna er fjallað um ársreikning og endurskoðun. Ekki eru heldur ákvæði um varðveislu gagna í lögum um váttryggingasamninga, sem tóku gildi 1. janúar s.l., né nýlegum lögum um fjármálastarfsemi.

Samkvæmt þessu er ekki við mörg lagaákvæði að styðjast um varðveislutíma skjala sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða.

Bókhaldsgögn og gögn vegna lánssamninga og fjárfestingar.

Hvað varðar almenn bókhaldsgögn og fylgiskjöl þá á regla 20. gr. bókhaldslaganna nr. 145/1994* beint við um þau, þ.e. geyma skal þau gögn í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Ársreikninga skal ávallt varðveita í 25 ár.

Um ýmis gögn vegna lánssamninga og fjárfestinga gildir í raun sama regla að því marki sem þau teljast til bókhaldsgagna eða fylgiskjala þeirra. Taka verður að sjálfsögðu tillit til "líftíma" þeirra skjala samkvæmt efni þeirra, þ.e. hversu lengi stendur skuldbindingin/krafan samkvæmt skjalinu, og e.t.v miða sjö ár frá þeim tíma sem krafan er uppreidd.

- frh

* Í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald er svohljóðandi ákvæði: "Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt bókhaldsgögnum og fylgiskjöllum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í rafrænu formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skulu varðveitt hér á landi á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggja fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur." Í 4. mgr. 20. gr. sömu laga segir: "Ársreikning skal ætíð varðveita í 25 ár."

** Í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er ákvæði í 5. tl. 1. mgr. 7. gr. sem hér getur átt við, en þar segir: "Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

.....
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu."

Heilsufarslegar upplýsingar og gögn um lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

Gögn sem varða lífeyrisréttindi sjóðfélaga og heilsufarslegar upplýsingar um sjóðfélaga verður að geyma svo lengi sem á þau getur reynt. Regla 5. tl. 1. mgr. 7. gr. laganna um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga** getur fyrst og fremst átt við um þessi gögn, þó gögn er varða persónubundin fjárhagsleg málefni einstakra sjóðfélaga geti einnig átt þar undir. En eins og ákvæðið hljóðar þá er svigrúmið þar rúmt að því leyti að heimilt er að varðveita þessi gögn þótt persónugreinanleg séu svo lengi sem nauðsynlegt er miðað við tilgang viðkomandi gagna.

Með von um að framangreindar upplýsingar auðveldi lífeyrissjóðum ákvörðun um varðveislutíma skjala og annarra gagna sem tengjast starfsemi sjóðanna.

Með bestu kveðjum
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

